



# Mánaðarpóstur Hörðuvallaskóla

Miðvikudagur 2. nóvember 2016

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

## Lús

Lúsín er aftur farin að gera vart við sig í ýmsum bekkjardeildum eftir nokkurt hlé.. Það minnir okkur á að það er alltaf þörf á að kember!

## Ófnæmi - mataróþol

Minnt er á að ef nemendur eru með ófnæmi eða mataróþol sem taka þarf tillit til þá þurfa foreldrar að framvísa vottorði frá lækni.

## Kæra skólasamfélag

Allt gengur sinn vanagang í skólanum og dagarnir líða einn af öðrum við leik og störf. Framundan er nokkuð samfelld skólalota fram að jólafríi ef frá er skilinn starfsdagur þann 23. nóvember sem verður nýttur m.a. til vinnu við skólanámskrá skólans. Fastir liðir í nóvember eru baráttudagur gegn einelti og dagur íslenskrar tungu. Á fyrrnefnda deginum sem verður hinn 8. nóvember verður hefðbundin dagskrá þar sem vinabekkir og nemendur leikskólanna í hverfinu hittast og vinna saman. Að lokum munum við svo að venju ganga fylktu liði gegn einelti og enda öll saman í Kórnum. Nemendur mæta í skólann og ljúka deginum á sama tíma og venjulega. Dagur íslenskrar tungu er 16. nóvember, fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar. Þá heldur hver bekkur fyrir sig upp á daginn í samvinnu við sinn umsjónarkennara. Annars er bara allt gott að fréttu úr skólanum, samræmdu prófin í 4. og 7. bekk komu í heildina ágætlega út, við erum loksins að taka í notkun nýja mataraðstöðu fyrir unglingsstigið í Kórnum og við erum að hefjast handa við stefnumótunarvinnu vetrarins. Af því tilefni vil ég vekja athygli á skólapingi sem við ætlum að halda þriðjudaginn 22. nóvember en það er kynnt nánar hér neðar á síðunni.

Bestu kveðjur úr skólanum,

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

## Breyting á forstöðu Dægradvalar

Hjörtur forstöðumaður Dægradvalar hefur nú látið af störfum hjá okkur og Birta Baldursdóttir aðstoðarforstöðumaður er því í forsvari þar til nýr forstöðumaður hefur verið ráðinn en starfið hefur verið auglýst og gert ráð fyrir að þau mál skýrist í mánuðinum. Netfang Birtu er [birta.b@kopavogur.is](mailto:birta.b@kopavogur.is)

## Skólaping - 22. nóvember

Þriðjudaginn 22. nóvember kl. 19:30-21:30 boðum við til skólapingis. Það er upphafið að stefnumótunarvinnu vetrarins sem snýst um að finna út hvernig við viljum sjá Hörðuvallaskóla næstu 10 árin eða svo. Skólinn okkar mun næstu árin verða 900-1000 nemenda skóli sem starfar í tveimur húsum og þá eru ýmsar spurningar sem þarf að svara. Þetta eru spurningar eins og t.d. hvað viljum við að einkenni skólann, hvernig eiga kennsluhættir að vera, hvað viljum við leggja mesta áherslu á í menntun nemenda okkar, hvernig undirbúum við þau sem best fyrir framtíðina o.s.frv. Það má í raun segja að við séum að huga að uppfærslu skólans í útgáfuna "Hörðuvallaskóli 2.0", þ.e. útgáfu skólans fyrir annan áratuginn í starfi hans. Á skólapingi munu koma saman nemendur, foreldrar og starfsmenn og leitast við að svara m.a. framangreindum spurningum. Stuðst verður við svokallað þjóðfundarfyrirkomulag til að sem flest sjónarmið fái að njóta sín og umræðurnar leiði til niðurstöðu sem flestir geti sameinast um. Við óskum hér með eftir áhugasömum foreldrum til þátttöku og hægt er að skrá sig á neðangreindri slóð til 13. nóvember:

[https://www.surveymonkey.com/r/skolathing\\_horduvallaskola](https://www.surveymonkey.com/r/skolathing_horduvallaskola)

## Dagskrá Kúlunnar í nóvember:

Mán	Þri	Mið	Föst
31 5-7 bekkur Halloweenball	1	2 Félagsmiðstöðvar dagurinn	4
7 8-10 bekkur Skotbolti	8	9 5-7 bekkur 7 bekkjaropnun 8-10 bekkur Dansmaráþon	11 8-10 bekkur Sameiginlegt ball í Kópavogi
14 8-10 bekkur Náttatakvöld	15 8-10 bekkur Stuttmyndahátíð	16 8-10 bekkur Stuttmyndahátíð Strákakvöld	18 8-10 bekkur Rímnaflæði
21 5-7 bekkur Just Dance 8-10 bekkur Spilakvöld	22	23 8-10 bekkur Stelpukvöld	25 8-10 bekkur
28 8-10 bekkur Opíð hús	29	30 5-7 bekkur 5 bekkjaropnun 8-10 bekkur Matarklúbbur án uppskriftar	



Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
30.	31. Heimalagaður plökkfiskur m/ rúgbrauði. Salatbar og ávextir.	1. Kjúklingasagna með grófu snittubrauði. Salatbar og ávextir.	2. Hrisgrjónagrautur með kanilsykri, rúsínum, lifrarpylsu og blóðmör. Ávextir. <b>Kúlan: Félagsmiðstöðvadaðurinn</b>	3. Þorskur í KFC hjúpi m/ soðnum kartöflum og sósu. Salatbar og ávextir.	4. Sænskar hakkbollur m/ kartöflum, brúnni sósu og týtuberjasultu. Salatbar og ávextir.	5.
6.	7. Gufusöðin ýsa m/ bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir. <b>Kúlan 8.-10b</b>	8. Grísagúllas í karrýkókosmangúsósu m/ brúnum hrisgrjónum. Salatbar og ávextir. <b>Baráttudagur gegn einelti</b>	9. Rjómalöguð sveppasúpa m/ brauði og áleggi. Ávextir. <b>Kúlan 5.-7.b / 8.-10.b</b>	10. Ýsa í raspi m/ soðnum kartöflum og sósu. Salatbar og ávextir.	11. Píta m/ kjúkling, grænmeti og pítusósu. Ávextir. <b>Kúlan: Sameiginlegt ball hjá 8.-10.b í Kópavogi</b>	12.
13.	14. Fiskur dagsins m/ soðnum kartöflum og sósu. Salatbar og ávextir. <b>Kúlan 8.-10b</b>	15. Ungversk nautagúllasúpa m/ rúnstykki. Ávextir.	16. Nautahakk og pastasknúfur í rauðri sósu. Salatbar og ávextir. <b>Dagur ísl. tungu</b> <b>Kúlan 8.-10.b</b>	17. Tandoori fiskréttur m/ brúnum hrisgrjónum. Salatbar og ávextir.	18. Grænmetisbuff m/ hrisgrjónum og sósu. Salatbar og ávextir. <b>Mannréttindad. barna</b> <b>Kúlan 8.-10.b</b>	19.
20.	21. Léttsaltaður þorskur m/ bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir. <b>Kúlan 5.-7b. /8.-10b</b>	22. Heitur pastaréttur m/ heilheitiskrúfum, skinku, grænmeti og ostasósu. Ávextir. <b>Skólaping kl. 19:30</b>	23. <b>STARFSDAGUR</b> Dægradvöl opin <b>Kúlan 8.-10.b</b>	24. Plökkfiskur m/ rúgbrauði. Salatbar og ávextir.	25. Matarmikil íslensk kjötsúpa. Ávextir. <b>Kúlan 8.-10.b</b>	26.
27.	28. Fiskibollur m/ brúnni sósu, soðnum kartöflum og rabarbarasultu. Salatbar og ávextir. <b>Kúlan 8.-10b</b>	29. Lambasnitsel m/ bernaisósu og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir.	30. Thai súpa með brauði og áleggi. Ávextir.	1. desember <b>Fullveldisdagurinn</b>		

### Muna:

- Heimanámsaðstoð í boði á aðalsafni Bókasafns Kópavogs alla þriðjudaga kl. 14:30-16:30
- Hnetulaus skóli - engar hnetur í nesti eða matvæli sem innihalda hnetur!

**Útivistartíminn frá 1. september: Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20.00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu.**